# Logafold

safnaðarblað grafarvogssóknar

1. tbl. 25. árg. 2013



# Fermingarbörn til hamingju

## Gleðilega páska

# Fastan og páskarnir

Þegar Safnaðarblaðið okkar, Logafold, kemur nú út er langt liðið á föstuna og framundan er aðalhátíð kristinna manna, sjálfir páskarnir.

Við, kæru vinir, höfum fetað veg föstunnar, lagt leið okkar upp að krossinum helga. Það höfum við m.a. gert með því að hlýða á lestur Passíusálmanna í kirkjunni okkar, Grafarvogskirkju, alla virka daga vikunnar sem ráðherrar og þingmenn hafa annast síðustu tólf árin. Það hefur verið ánægjulegt að fá þingmennina hingað til að flytja Passíusálmana sem eru dýrmæti íslenskrar menningar og trúarlífs. Jafnframt er það ánægjulegt hve margir hafa hlýtt á lestur sálmanna hér í kirkjunni í gegnum árin.

Lestrunum lýkur á föstudaginn langa en þá eru sálmarnir allir, fimmtíu talsins, lesnir í kirkjunni frá klukkan 13:00 – 19:00. Kennarar, skólastjórar, læknar, hjúkrunarfræðingar, fjölmiðlafólk, leikarar, borgarfulltrúar, fyrrverandi prestar og ýmsir aðrir hópar hafa flutt Passíusálmana á föstudaginn langa á eftirminnanlegan hátt í Grafarvogskirkju á liðnum árum. Að þessu sinni eru það eldri borgarar í Grafarvogi sem annast munu lesturinn.

Á föstudaginn langa kl. 11:00 er föstumessa í kirkjunni þar sem lítanía séra Bjarna Þorsteinssonar er flutt. Eftir að við höfum numið staðar frammi fyrir krossinum liggur leið okkar að gröfinni tómu. Við sláumst í för með konunum þremur sem lögðu leið sína að gröfinni við upprisu sólar á páskadagsmorgni. Við leggjum leið okkar inn í gröfina og þar hlýðum við á boðskap engilsins er sagði: „Þér leitið að Jesú Kristi, hinum krossfesta. Sjá þarna er staðurinn þar sem þeir lögðu hann. Hann er ekki hér. Hann er upprisinn."

Við fögnum þessum tíðindum á páskadagsmorgni í hátíðarguðsþjónustu kl. 8:00, við sólarupprás. Við fögnum í páskakaffinu þar sem boðið er upp á heitt súkkulaði og meðlæti.

Við fögnum einnig með páskamessu kl. 11:00 í Borgarholtsskóla og á Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 10:30. Þessar stundir, guðsþjónustur, kristallast fyrst og síðast í gleðinni því Kristur er upprisinn. Við sameinumst í því að flytja ákall páskanna er segir: „Kristur er upprisinn. Sannarlega er hann upprisinn."

Páskamorguninn er svo sannarlega mikil gleðistund í lífi okkar og tilveru.

***Vigfús Þór Árnason***
***sóknarprestur***



**25 ára afmæli Grafarvogssafnaðar 2014**

Grafarvogssöfnuður var stofnaður 5. júní 1989. Fyrsta verk safnaðarins var að velja sóknarprest. Fyrsta verk hans og sóknarnefndarinnar var síðan að skapa söfnuðinum aðstöðu en eins og kunnugt er fengum við inni í Félagsmiðstöðinni Fjörgyn í Foldaskóla.

Mikil breyting varð síðan á öllu safnaðarstarfinu þegar neðri hluti kirkjubyggingarinnar var vígður 12. desember árið 1993. Þar fór allt safnaðarstarf fram í sex og hálft ár eða þar til Grafarvogskirkja var vígð á Kristnihátíðarári þann 18. júní árið 2000. Á vígsludegi kirkjunnar gaf Ríkisstjórn Íslands æsku landsins listaverk eftir Leif Breiðfjörð sem hann nefnir „Kristnitaka Íslands á Þingvöllum árið eitt þúsund." Við hátíðlegt tækifæri kallaði forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, verkið þjóðargersemi. Það eru orð að sönnu.

Nú þegar 25 ára afmæli safnaðarins nálgast er rætt um hvað skuli gera til hátíðarbrigða. Ljóst er að Menningarmiðstöðin á Spönginni verður vígð á afmælisárinu, nánar tiltekið í apríl 2014, en rými það sem söfnuðinum er ætlað í miðstöðinni nefnum við Kirkjusel.

Rætt er um að gefa út bók um sögu safnaðarins en slíkar bækur eru oft gefnar út eftir 25 ár og eða eftir 50 ára sögu.

Í gangi er söfnun fyrir nýju orgeli í kirkjuna en um orgelið fjallar organisti kirkjunnar, Hákon Leifsson, á öðrum stað í blaðinu.

Þetta eru stór og mikilvæg verkefni. Ég efast ekki um að þau muni ganga vel eins og allt okkar safnaðarstarf í nærri aldarfjórðung. Þeir sem hafa áhuga á að leggja þessum verkefnum lið eru boðnir velkomnir til starfa.


Metal design



Skólavörðustíg 2 | 101 Reykjavík | S: 552 5445

# Gefðu sparnað í fermingargjöf




**Fermingarkortið er inneignarkort** sem hentar þeim vel sem vilja gefa sparnað í fermingargjöf. Landsbankinn greiðir 5.000 króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn.

**Fermingarkortið er gjöf** sem leggur grunn að fjárhag framtíðarinnar.
Kortið kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst án endurgjalds í útibúum Landsbankans.





*Ferming 18. mars 2012 f.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Sigurður Grétar Helgason ásamt fermingarbörnum.*
Bjarni Anton Theódórsson, Davíð Þór Torfason, Diljá Líf Ragnarsdóttir Thorarensen, Eggert Kristján Kristmundsson, Fannar Snær Kolbeins, Fanney Björg Rúnarsdóttir, Friðrik Jens Guðmundsson, Gauti Jónsson, Guðrún María Gunnarsdóttir, Gunnhildur Ósk Steindórsdóttir, Harpa Lind Jakobsdóttir, Helga Rún Hjartardóttir, Hildur Björk Adolfsdóttir, Kristófer Birgir Hjörleifsson, Lovísa Rut Lúðvíksdóttir, Óli Pétur Olsen, Ólöf Rún Björnsdóttir, Ragnar Axel Adólfsson, Selma Petra Jóhannesdóttir, Sindri Þór Jónsson, Tinna Rún Rúnarsdóttir og Viktor Örn Halldórsson.

# FERMINGAR Í GRAFARVOGSKIRKJU VORIÐ 2013

*Prestar: séra Vigfús Þór Árnason, séra Lena Rós Matthíasdóttir og séra Guðrún Karls Helgudóttir*

## Sunnudagur 17. mars kl. 10.30

1. Arnar Logi Guðjónsson, Ljósuvík 32
2. Árni Theodór Atlason, Brúnastöðum 61
3. Birgir Freyr Arnarsson, Brúnastöðum 17
4. Bjarni Alvar Kjartansson, Hamravík 40
5. Daði Arnarson, Barðastöðum 17
6. Elfar Snær Arnarson, Hlaðhömrum 17
7. Emilía Katrín Böðvarsdóttir, Garðsstöðum 56
8. Guðrún Þóra Atladóttir, Brúnastöðum 61
9. Hallvarður Óskar Sigurðarson, Hvannarima 24
10. Heiðar Örn Árnason, Reyrengi 39
11. Íris Birna Arnardóttir, Breiðuvík 13
12. Kristín Birta Atladóttir, Brúnastöðum 61
13. Ragna Guðrún Snorradóttir, Gautavík 45
14. Salka Rán Ragnarsdóttir Thorarensen, Garðsstöðum 44,
15. Sigurður Snær Sívertsen, Vættaborgum 118
16. Sigurjón Óli Gunnarsson, Bakkastöðum 163
17. Sindri Þór Sigþórsson, Brúnastöðum 21
18. Sóley Ögmundsdóttir, Vættaborgum 92
19. Stefanía Einarsdóttir, Reyrengi 47
20. Theódóra Steinunn Valtýsdóttir, Bakkastöðum 159
21. Valdimar Sæmundsson, Barðastöðum 19

## Sunnudagur 17. mars kl. 13.30

1. Andri Freyr Andrésson, Bakkastöðum 71
2. Andri Hrafn Ármannsson, Breiðuvík 16
3. Anna Helga Kristjánsdóttir, Laufengi 122
4. Arnar Daði Steinþórsson, Bakkastöðum 161
5. Aron Can Gultekin, Brúnastöðum 77
6. Birta Ýr Jónasdóttir, Frostafold 20
7. Bjartur Snær Sigurðsson, Barðastöðum 67
8. Daníel Libæk Sörensen, Vallengi 15
9. Elísabet Sóldís Þorsteinsdóttir, Logafold 31
10. Elvar Snær Gunnarsson, Garðsstöðum 20
11. Fannar Örn Fjölnisson, Brúnastöðum 33
12. Freyja Ósk Þórisdóttir, Ljósuvík 12
13. Friðgeir Óli Bjarnason, Garðsstöðum 37
14. Garðar Örn Gylfason, Breiðuvík 22
15. Gunnar Ingi Davíðsson, Bakkastöðum 33
16. Kári Alexander Þórðarson, Laufengi 60
17. Óli Kári Sigurbjörnsson, Bakkastöðum 151
18. Unnur Karen Björnsdóttir, Gullengi 3



*Ferming 18. mars 2012 e.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Sigurður Grétar Helgason ásamt fermingarbörnum.*
Aðalsteinn Örn Aðalsteinsson, Andrea Guðbjörg Helgadóttir, Ásdís Rún Bergþórsdóttir, Egill Árni Jóhannesson, Gabriel Sveinn Vilhjálmsson, Hrafnhildur Elsa Arnardóttir, Hreiðar Leví Hreiðarsson, Klara Lind Káradóttir, Magnús Snær Ríkarðsson, Sigurður Axel Sævarsson, Sigurður Marteinn L. Sigurðsson, Sigurjón Þórir Gunnarsson, Snæfríður Ebba Ásgeirsdóttir, Sunneva Ýr Sigurðardóttir og Þorsteinn Hanning Kristinsson.

## Pálmasunnudagur 24. mars kl 10:30

1. Aníta Sólveig Jóhannsdóttir, Gullengi 6
2. Guðmundur Ragnar Tryggvason, Flétturima 25
3. Heiðrún Líf Erludóttir, Reyrengi 10
4. Jasmín Cassandra Routley, Jötnaborgum 4
5. Jason Alexander Quinn, Úlfarsbraut 66
6. Rakel Ýr Brynjólfsdóttir, Vallengi 6
7. Sigurður Már Þórhallsson, Vættaborgum 112
8. Sindri Pálsson, Hamravík 22

## Passíusálmar

Lesnir kl. 18:00 alla virka daga fram að skírdegi
Ráðherrar og alþingismenn annast lesturinn

## Vortónleikar

**Laugardaginn 4. maí kl. 15:00 í Grafarvogskirkju**

Kór Grafarvogskirkju, Vox Populi og Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju flytja
„Víst mun vorið koma" eftir Sigmund Tveit
Stjórnendur: Hákon Leifsson, Hilmar Örn Agnarsson og Margrét Pálmadóttir

**Allir velkomnir**

## Pálmasunnudagur 24. mars kl 13:30

1. Arna Lára Hjaltested, Geithömrum 15
2. Bjarki Ragnarsson, Miðhúsum 29
3. Björn Aron Jóhannesson, Garðhúsum 8
4. Daníel Logi Arnarson, Gnípuheiði 7, Kóp
5. Embla Nanna Þórsdóttir, Neshömrum 11
6. Freyr Vigfússon, Breiðuvík 39
7. Gerður Sif Heiðberg, Leiðhömrum 25
8. Helena Marina Salvador, Stakkhömrum 8
9. Herdís Hanna Yngvadóttir, Logafold 155
10. Hermann Orri Svavarsson, Fannafold 118
11. Íris Björg Albertsdóttir, Grundarhúsum 13
12. Íris Míranda Bonilla, Rauðhömrum 10
13. Kristbjörg Elín Þorsteinsdóttir, Veghúsum 13
14. Kristinn Gísli Gíslason, Fannafold 60a
15. Kristín Lísa Friðriksdóttir, Vallarhúsum 17
16. Ólafur Baldur Ingvarsson, Leiðhömrum 44
17. Ólafur Einar Ólafsson, Hverafold 118
18. Óskar Örn Einarsson, Sóleyjarima 49
19. Selma Karólína Eggertsdóttir, Reykjafold 6
20. Sindri Blær Jónsson, Fannafold 83a
21. Sóley Rut Jónsdóttir Bachmann, Grundarhúsum 30
22. Sveinn Jóhannsson, Fannafold 46
23. Viktor Nói Kristinsson, Jöklafold 1
24. Ylfa Dögg Ástþórsdóttir, Grundarhúsum 12
25. Þórarinn Óli Jónsson, Gautavík 3



*Ferming 25. mars 2012 f.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Guðrún Karls Helgudóttir ásamt fermingarbörnum.*
Agnes Björgvinsdóttir, Aldís Birta Gautadóttir, Alexander Örn Sævarsson, Dagur Elí Axelsson, Einar Oddur Páll Rúnarsson, Ellen Ósk Ingvarsdóttir, Halla María Jónsdóttir, Heiða Rós Gunnarsdóttir, Helgi Gunnar Jónsson, Sædís Birta Stefánsdóttir, Thea Möller Thorleifsson, Vilhelmína Þór Óskarsdóttir og Ylfa Björg Finnsdóttir.

## Skírdagur 28. mars kl 10:30

1. Arnar Geir Sigurðsson, Fannafold 120
2. Axel Örn Gunnarsson, Logafold 41
3. Ágúst Þór Ágústsson, Skyggnisbraut 20
4. Birgitta Ýr Ríkarðsdóttir, Smárarima 36
5. Birta Sól Ström, Berjarima 16
6. Bjarki Sær Magnússon, Garðhúsum 31
7. Daníel Ólafsson, Veghúsum 17
8. Elinóra Inga Egilsdóttir, Naustabryggju 11
9. Friðrikka Hanna Björnsdóttir, Dalhúsum 48
10. Gunnar Guðmundur Arndísarson, Dalhúsum 107
11. Harpa Mjöll Þórsdóttir, Vesturhúsum 11
12. Ívar Nökkvi Birgisson, Sveighúsum 17
13. Jón Atli Guðmundsson, Dalhúsum 50
14. Kristel Tanja Garðarsdóttir, Bláhömrum 21
15. Kristín Alísa Hannesdóttir, Hverafold 138
16. Kristófer Jóel Jóhannesson, Klukkurima 10
17. Margrét Rún Styrmisdóttir, Reyrengi 4
18. Nína Lovísa Ragnarsdóttir, Naustabryggju 26
19. Ólavía Rún Grímsdóttir, Vegghömrum 49
20. Petra Baldursdóttir, Naustabryggju 24
21. Silja Gunnarsdóttir, Fannafold 175
22. Valgeir Sigurðsson, Garðhúsum 14
23. Viktor Ingi Árnason, Reykjafold 2

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** sr. Vigfús Þór Árnason sóknarprestur
**Ritari:** Erna Reynisdóttir
**Fermingarmyndir / Forsíðumynd:** Björg Vigfúsdóttir
**Prentvinnsla:** Prenttækni ehf.

## Skírdagur 28. mars kl 13:30

1. Alexander Þórðarson, Hamravík 36
2. Aron Ísak Yngvason, Miðhúsum 18
3. Auður Lára Bjarnferðsdóttir, Suðurhúsum 5
4. Ásgeir Andri Helenuson, Vallarhúsum 9
5. Benedikt Daríus Garðarsson, Naustabryggju 23
6. Birkir Fannar Harðarson, Gerðhömrum 19
7. Brynhildur Íris Bragadóttir, Frostafold 2
8. Daníel Andri Gunnarsson, Logafold 151
9. Elísa Ósk Sigurðardóttir, Vallarhúsum 26
10. Emil Árni Guðmundsson, Funafold 51
11. Gissur Baldvinsson, Hamravík 58
12. Guðbjörg Rún Torfadóttir, Frostafold 36
13. Guðrún Día Oddsdóttir, Sveighúsum 9
14. Hildur Ýr Schram, Naustabryggju 20
15. Jóhann Karl Sigurðsson, Hlaðhömrum 46
16. Karen Lóa Birgisdóttir, Baughúsum 2
17. Magnús Breki Magnússon, Frostafold 10
18. Sandra Björk Bragadóttir, Frostafold 2
19. Sigíður María Eggertsdóttir, Krosshömrum 4
20. Sigmar Jóhann Bjarnason, Jöklafold 25
21. Sindri Sævar Eggertsson, Leiðhömrum 30
22. Stella María Roloff, Frostafold 20
23. Svavar Skúli Einarsson, Noregi
24. Tinna Ósk Traustadóttir, Ljósuvík 2
25. Viktor Ásbjörnsson, Mosarima 31



*Ferming 25. mars 2012 e.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Sigurður Grétar Helgason ásamt fermingarbörnum.*
Ásgeir Már Birgisson, Eðvald Atli Sigurvaldsson, Hildur Jónsdóttir, Kristófer Axel Smith Axelsson, Líney Lea Geirsdóttir, Magnea Marín Halldórsdóttir, Oliver Örn Sverrisson, Ólafur Bæring Jónsson, Óskar Þór Rúnarsson, Sigríður G. Sigurmundsdóttir, Sigþór Vopni Vigfússon, Sæunn Reynisdóttir og Ægir Jarl Jónasson.

## Annar í páskum 1. apríl kl 10:30

1. Aldís Sif Sæmundsdóttir, Noregi
2. Alexandra Hafþórsdóttir, Ólafsgeisla 67
3. Árni Geir Óskarsson, Laufrima 3,
4. Ásta Jórunn Smáradóttir, Smárarima 80
5. Bergþór Atli Halldórsson, Flétturima 21
6. Birgir Berg Birgisson, Laufrima 61
7. Bjarni Sindri Bjarnason, Sóleyjarima 39
8. Daníel Þór Bjarkarson, Flétturima 23
9. Erna Kristín Jónsdóttir, Flétturima 15
10. Gunnar Héðinn Brynjólfsson, Berjarima 5
11. Hrafnkell Rúnarsson, Flétturima 12
12. Ingibjörg Ester Árnadóttir, Mosarima 2
13. Ísak Atli Kristjánsson, Sóleyjarima 75
14. Pétur Breki Lorange Ásgeirsson, Hrísrima 7
15. Sigíður Rós Pétursdóttir, Berjarima 23
16. Tristan Ingi Ragnarsson, Gautavík 32
17. Valur Snær Hilmarsson, Iðunnarbrunni 6

## Páskaeggjabingó

Hið árvissa og vinsæla
páskaeggjabingó Safnaðarfélagsins
verður haldið mánudaginn 25. mars kl. 19:30
í safnaðarsal kirkjunnar
Fólk er hvatt til að mæta tímanlega

**Allir velkomnir**

## Annar í páskum 1. apríl kl 13:30

1. Anna Karen Stefánsdóttir, Laufengi 29
2. Aron Elí Gíslason, Hörðukór 3
3. Ástrós Ögn Ágústsdóttir, Vallengi 13
4. Eva María Oddsdóttir, Reyrengi 29
5. Fannar Þór Einarsson, Laufengi 62
6. Fríða Ósk Halldórsdóttir, Álfaborgum 9
7. Gabriel Arnar Amador Losada, Dísaborgum 9
8. Guðjón Steinar Hákonarson, Goðaborgum 2
9. Halldóra Áskelsdóttir, Laufengi 46
10. Hákon Pálmi Ólafsson, Vættaborgum 4
11. Jóhanna Lóa Ólafsdóttir, Dalhúsum 72
12. Kara Rós Kristinsdóttir, Breiðuvík 20
13. Kári Kristófer Elíasson, Logafold 174
14. Kolbrá Jóhanna Magnúsdóttir, Mosarima 12
15. Sigurjón Ari Hauksson, Vættaborgum 41
16. Unnar Már Sigurbergsson, Álfaborgum 7
17. Þorsteinn Birkir Vignisson, Vættaborgum 84



*Ferming pálmasunnudag, 1. apríl 2012 f.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Lena Rós Matthíasdóttir ásamt fermingarbörnum.*
Andrea Jacobsen, Berglind Benediksdóttir, Dagný Lind Erlendsdóttir, Elmar Ás Traustason, Fríða Katrín Bessadóttir, Guðný Helga Johnsen, Halldór Gauti Sævarsson, Hans Jón Ívarsson, Júlía Karítas Helgadóttir, Karen Embla Guðmundsdóttir, Kolbrún Sóley Magnúsdóttir, Lára Marý Lárusdóttir, Margrét Andrésdóttir, Óli Björn Sigurðsson, Ólöf Ylfa Loftsdóttir, Petrea Ýr Þráinsdóttir, Signý Guðmundsdóttir, Sigurður Ívar Jónsson, Sigurjón Baltasar Vilhjálmsson, Thelma Ósk Matthíasdóttir, Tómas Veigar Eiríksson og Tómas Wiium Kristinsson.

## Sunnudagur 7. apríl kl. 10:30

1. Anton Guðmundsson, Mururima 9
2. Baldur Már Finnsson, Laufrima 5
3. Davíð Alexander Magnússon, Smárarima 79
4. Eiríkur Skúli Gústafsson, Laufrima 1
5. Eydís Sela Albertsdóttir, Laufrima 24
6. Gabríel Thorarensen, Hamravík 26
7. Jóhann Ísfjörð Bjargþórsson, Hvannarima 14
8. Lísa María Ísfeld Ívarsdóttir, Laufrima 18
9. Matthías Vilhjálmur Ásgrímsson, Fífurima 8
10. Sara Gígja Geirsdóttir, Flétturima 9
11. Sigrún Sól Jónsdóttir, Mosarima 27
12. Vala Birna Árnadóttir, Reykjafold 28

## Sunnudagur 7. apríl kl. 13:30

1. Amanda Líf Pétursdóttir, Frostafold 147
2. Andrea Sif Nökkvadóttir, Veghúsum 31
3. Arnar Hörður Bjarnason, Jöklafold 25
4. Ágúst Freyr Halldórsson, Vegghömrum 13
5. Ásthildur Gréta Símonardóttir, Leiðhömrum 5
6. Björgvin Margeir Hauksson, Veghúsum 31
7. Hafdís Birna Halldórsdóttir, Reyrengi 4
8. Herdís Hlíf Þorvaldsdóttir, Jöklafold 11
9. Hlynur Blær Sigurðsson, Hverafold 23
10. Hrafnhildur Tinna Sörensdóttir, Svarthömrum 14
11. Hrafnkell Kári McKinstry, Veghúsum 31
12. Jóna Margrét Hlynsdóttir Arndal, Dalhúsum 78
13. Kaj Arnar Jörgensen, Gullengi 3
14. Kartín Þórhallsdóttir, Þýskalandi,
15. Margunnur Oddrún Þórðardóttir, Brúnastöðum 41
16. Olgeir Þorkelsson, Salthömrum 16
17. Pétur Már Helgason, Austurfold 2
18. Sigmar Jóhann Bjarnason, Jöklafold 25
19. Sigmundur Bjarki Jónsson, Dalhúsum 19
20. Súsanna Ísabella Jóhannsdóttir, Logafold 97
21. Tómas Arnar Þorláksson, Hverafold 112

## Barna- og æskulýðsstarf

***Mánudagar:*** 6-9 ára börn í kirkjunni kl. 17:30

***Mánudagar:*** Æskulýðsfélag í kirkjunni fyrir 8.-10. bekk kl. 20:00

***Þriðjudagar:*** 6-9 ára börn í Víkurskóla kl. 17: 00

***Miðvikudagar:*** Stelpukvöld í kirkjunni fyrir 8. bekk kl. 18:00

***Fimmtudagar:*** 10-12 ára (TTT) í kirkjunni kl. 17:30



*Ferming pálmasunnudag, 1. apríl 2012 e.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Lena Rós Matthíasdóttir ásamt fermingarbörnum.*
Alma Katrín Einarsdóttir, Auður Alexandra Arnarsdóttir, Álfheiður Björk Heiðarsdóttir, Árni Kristján Sigurvinsson, Berglind Rúnarsdóttir, Birnir Þorvarðarson, Birta Lind Hallgrímsdóttir, Helga Þorvarðardóttir, Ísak Breki Stefánsson, Jón Valur Jónsson, Kristjan Örn Marko Stosic, Kristinn Hallgrímsson, Magnús Þór Magnússon, María Ýr Leifsdóttir, Ragnheiður Özurardóttir, Sigríður Sunneva Eggertsdóttir, Sigríður Þórdís Pétursdóttir,Sigurjón Már Markússon og Sæunn Björg Þrastardóttir.

## Sunnudagur 14. apríl kl. 10:30

1. Axel Kristján Axelsson, Berjarima 63
2. Axel Ingi Einarsson, Hvannarima 12
3. Álfheiður Sigurðardóttir, Hrísrima 27
4. Bergþór Kristjánsson, Laufrima 23
5. Daníel Már Friðriksson, Laufrima 31
6. Einar Óskar Matthíasson, Laufengi 8
7. Gunnar Ólafsson, Rósarima 7
8. Heimir Örn Johnson, Laufengi 36
9. Hlynur Orri Einarsson, Laufrima 81
10. Jökull Ingi Erlendsson, Sóleyjarima 45
11. Katrín Rut Magnúsdóttir, Laufrima 33
12. Margeir Fannar Pálsson, Smárarima 41
13. Matthías Már Marteinsson, Brúnastöðum 26
14. Rakel Rós Halldórsdóttir, Smárarima 29
15. Sandra Sif Gunnarsdóttir, Fífurima 52
16. Torfi Tímoteus Gunnarsson, Smárarima 70
17. Viktoría Ýr Sveinsdóttir, Berjarima 41
18. Þórey Ísafold Magnúsdóttir, Hrísrima 3

## Sunnudagur 14. apríl kl 13:30

1. Alexandra Ivalu Josefsen Einarsdóttir, Fróðengi 6
2. Anna Lilja Ólafsdóttir, Laufengi 100
3. Ástþór Óskar Ingólfsson, Smárarima 42
4. Birna Dís Bergsdóttir, Bakkastöðum 167
5. Birta Ögn Elvarsdóttir, Hamravík 28
6. Brynjar Óli Kristjánsson, Vættaborgum 39
7. Eiríkur Óskar Oddsson, Laufengi 118
8. Guðlaugur Helgi Björnsson, Dvergaborgum 12
9. Guðný Elísabet Stefánsdóttir, Smárarima 44
10. Hlín Heiðarsdóttir, Æsuborgum 10
11. Óliver Haraldsson, Gullengi 6
12. Róbert Leó Valdimarsson, Vættaborgum 3
13. Selma Rún Ragnarsdóttir, Gullengi 2
14. Sædís Friðriksdóttir, Vættaborgum 12
15. Viktor Berg Grétarsson, Laufengi 150
16. Þórður Kristófer Ingibjargarson, Goðaborgum 10
17. Þórhildur Benediktsdóttir, Hamravík 40

## Pílagrímaganga í Grafarvogi

Hittumst sunnudaginn 14. apríl kl. 8:00 við Grafarvogskirkju eða kl. 8:15 við Maríukirkjulundinn í Gufunesi!

Dagskrá og inntak göngunnar er stefnumót við sköpunarverk Guðs, íhugun og bæn. Njótum návistar Guðs í náttúrunni meðan við upplifum hana í einfaldleika göngunnar og í samfélagi hvers annars!

Sjá nánar á fésbókarsíðu p ílagríma: Pílagrímar á sunnudögum
Auðveld ganga – ***Allir áhugasamir vekomnir!***





*Ferming skírdag, 5. apríl 2012 f.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Guðrún Karls Helgudóttir ásamt fermingarbörnum.*
Andrea Sif Árnadóttir, Andri Elvar Sturluson, Aron Skúli Ingason, Árni Elmar Hrafnsson, Ásþór Elmar Jónsson, Bergur Leó Björnsson, Bjargey Long Kjartansdóttir, Daði Freyr Örvarsson, Einar Gísli Ingason, Fanney Þóra Rúnarsdóttir, Guðbjörg Elsa Björgvinsdóttir, Hafrún Hákonardóttir, Hilmar Eyberg Helgason, Hilmar Benedikt Sverrisson, Jasmín Erla Ingadóttir, Mábil Þöll Guðnadóttir, Oliver Aron Jóhannesson, Sigmundur Jökull Áskelsson, Sigríður Ósk Hafsteinsdóttir, Stefán Óli Ásgrímsson, Steinn Alex Kristgeirsson, Stella Þóra Jóhannesdóttir og Valdimar Ingi Jónsson.



*Ferming skírdag, 5. apríl 2012 e.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Guðrún Karls Helgudóttir ásamt fermingarbörnum.*
Birta Björk Andradóttir, Einar Páll Jóhannesson, Elísabet Heiða Valdemarsdóttir, Gunnar Davíð Frímannsson, Hrafnhildur Jónsdóttir, Hulda Heiðdal Hjartardóttir, Ingólfur Jón Ágúst Óskarsson, Ísak Leó Guðmundsson, Jóhannes Karl Kristjánsson, Jón Gunnar Guðmundsson, Magnea Sól Sigmarsdóttir, Ragnhildur Sigríður Marteinsdóttir, Sandra Rún Ágústsdóttir, Sigurbjörg M. Kristjánsdóttir og Sveinn Hólm Valdemarsson.

## Vikan í kirkjunni

Þriðjudagar: Opið hús fyrir eldri borgara kl. 13:30
Miðvikudagar: Kyrrðarstundir kl. 12:00
Fimmtudagar: Foreldramorgnar kl. 10:00

## Uppskeruhátíð barnastarfsins

5. maí kl. 11:00 við lok sunnudagaskólans
Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju syngur
Mikið fjör og mikið gaman
Fjölskyldur í Grafarvogi sameinast í leik
Hoppkastali, blöðrur, pylsur og gos

# Orgelið í kirkjunni okkar



Nú þegar Grafarvogssókn hefur slitið bernskuskóm sínum í hart nær 25 ár, byggt stóra og fallega kirkju til að sinna helgum verkum sínum, er afar mikilvægt fyrir þennan stærsta söfnuð landsins að fullkomna kirkjubygginguna með kaupum á nýju veglegu orgeli. Það er afar brýnt að þessi glæsilega kirkjubygging, sem flest allir Reykvíkingar þekkja, ein afkastamesta kirkja landsins, eignist hljóðfæri við sitt hæfi. Hljóðfærið sem nú er notað í kirkjunni er aðeins 4 radda og er varla nægilega aflmikið til þess að þjóna minnstu helgirýmum kirkjunnar, litlum kapellum og bænhúsum.

Allt frá frumdögum kristninnar hefur söngur verið í öndvegi við flutning tónlistar í kirkjunni. Vegna þess hversu vel orgel styður söng, hefur orgelið allt frá því á miðöldum skipað sér sess sem aðalhljóðfæri kirkjunnar. Orgelið er drifið áfram af lofti og tónar þess blandast því einstaklega vel við mannsröddina. Orgelið hefur yfir að ráða litrófi sem spannar heila sinfóníuhljómsveit, bæði í litbrigðum og styrk. Sum af helstu tónskáldum heimsins hafa orðið til í kringum orgelið og þar rís hæst meistari Jóhann Sebastian Bach, eitt mesta tónskáld allra tíma. Orgelið gefur helgihaldinu sveigjanleika og lit. Inntak þess er á helgum stundum ómetanlegt. Hátíðarstund verður að ógleymanlegri og merkingarþrunginni hátíðarstund þegar tónar orgelsins lyfta messunni upp í efri hæðir. Blíðir tónar orgelsins hugga þjáða sál á sorgarstundu þegar engin orð fá að komist til þess að hugga sorgmætt hjarta. Þannig virkar orgelið sem eins konar magnari sem ítrekar merkingu og inntak helgihaldsins með sínum fjölskrúðugu og blíðu tónum.

Grafarvogskirkja var vígð árið 2000 en nú þrettán árum síðar, er ljóst að brýn þörf er á að þessi glæsilega kirkja fái hljóðfæri sem endurspeglar ágæti hennar. Í ljósi þess að í Grafarvogskirkju er mikilvirkasti og fjölmennasti söfnuður landsins, er nauðsynlegt að þar sé hljóðfæri sem henti fjölbreyttum athöfnum hennar. Kirkjan er í dag ein sú eftirsóttasta á öllu Reykjavíkursvæðinu er varðar helgar athafnir, svo sem jarðarfarir, skírnir og hjónavígslur. Auk þess stendur Grafarvogssókn að mjög fjölbreyttu og fjölmennu helgihaldi allt árið um kring, svo sem messum og hátíðum hvers konar.

Fyrir nokkrum árum var hafin söfnun fyrir stóru orgeli í hina nýbyggðu Grafarvogskirkju. Heilmiklu fé var safnað til framkvæmdanna. En efnahagshrunið dró sjóðinn töluvert saman vegna óhagstæðs gengismunar krónunnar við erlenda gjaldmiðla. Í sjóði eru þó nú í dag einar 60 milljónir króna. Fengnar voru tillögur ýmissa orgelsmiða að smíði orgels. Orgelsmiðurinn sem varð fyrir valinu er hinn virti þýski orgelsmiður Roman Seifert, frá bænum Kevelaer í Þýskalandi. Hr. Seifert er frægur fyrir framúrskarandi handverk og fagmennsku. Seifert fjölskyldan hefur byggt orgel frá árinu 1885 eða í 127 ár. Saga verksmiðjunnar er vörðuð velgengni og áföllum eins og gengur, þá helst vegna umbreytinga í sögunni. Árið 1907 byggði Ernst Seifert stærsta orgel sinnar tíðar í Þýskalandi í Kirkju heilagrar Maríu í Kevelaer. Það hljóðfæri er enn í dag mjög merkilegur gripur og kaþólskir pílagrímar koma til að heyra í því og njóta á hverju ári. Einnig var Seifert fjölskyldan nafntoguð fyrir að smíða mikið af orgelum fyrir kvikmyndahús á fyrri hluta síðustu aldar eins og þá tíðkaðist. Seifert orgelin eru í dag fræg fyrir gott handbragð, sérstaka hönnun á viðnámi spilaborðs við loftstraum og eins fyrir sérstæða hljómfegurð.

Hljóðfærið sem til stendur að byggja er af fullkomnustu tegund og er sett saman úr 43 röddum. Það verður þrískipt í rýminu, eitt pípuhús sitthvorumegin við altari, svo kölluð aðalverk (Hauptwerk) og svellverk (Swellwerk). Einnig verður svokallað fjarverk (Fernwerk) byggt á vegg kapellunar fyrir aftan söfnuðinn. Raddval hljóðfærisins er með þeim hætti að það á að geta þjónað hvers kyns tónlist. Allt frá svifléttu barokki að dramatískri og hátíðlegri rómantík. Eins mun hljóðfærið sóma sér gríðarvel í flestri nútímatónlist. Margir af helstu organistum landsins hafi lokið upp lofsyrði um hönnun og raddval orgelsins.

Það mun taka vel á annað ár að byggja hljóðfærið í rýmið. Það þarf að endurhanna að nokkru leyti endurómun kirkjunnar þar sem endurómunin er stór hluti af hönnun og hljómi orgelsins. Það er því með töluverðri eftirvæntingu sem hljóðfærisins er beðið.

Það er nú einlæg von okkar í Grafarvogskirkju að hljóðfærið megi verða að veruleika í nánustu framtíð. Söfnun er í gangi og vænlegar gjafir í vændum. Orgelið verður án nokkurs vafa eitt eftirsóttasta hljóðfæri landsins fyrir organista og orgeleinleikara víða að úr heiminum. Hljóðfærið mun verða mikill aflvaki fyrir tónlistariðkun og almennt tónleikahald í kirkjunni. Þeim sem áhuga hafa á byggingu orgelsins er góðfúslega bent á orgelsjóð Grafarvogskirkju.

***Hákon Leifsson***
***tónlistarstjóri Grafarvogskirkju***



*Ferming annan í páskum, 9. apríl 2012 f.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Guðrún Karls Helgudóttir ásamt fermingarbörnum.*
Bjarki Már Arnarsson, Edil Inga Kristjánsdóttir, Einar Már Óskarsson, Elísa Sif Snorradóttir, Eva María Sævarsdóttir, Friðjón Helgi Kjartansson, Guðmundur Natan Harðarson, Helga Karen Jóhannsdóttir, Helgi Freyr Tómasson, Sigurður Kalman Oddsson, Steinunn Björg Hauksdóttir, Sverrir Sigurðsson, Sylvía Hauksdóttir og Tristan Þór Brandsson.



*Ferming annan í páskum, 9. apríl 2012 e.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Sigurður Grétar Helgason ásamt fermingarbörnum.*
Andrea Caroline Snorradóttir, Ásdís Sif Ásgeirsdóttir, Birkir Elís Benediksson, Bjarni Berg Björgvinsson, Eva Karen Björnsdóttir, Guðlaug Bachmann, Hafdís Rós Jóhannesdóttir, Halla María Ástvaldsdóttir, Hanna María Ástvaldsdóttir, Kristinn Elías Einarsson, Maríana Pálmey Birgisdóttir, Sigurður Steinar Aðalbjörnsson, Snæfríður Þórisdóttir og Victor Hjörvarsson.



*Ferming 15. apríl 2012 f.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Guðrún Karls Helgudóttir ásamt fermingarbörnum.*
Arnar Helgi Traustason, Brynjar Freyr Sævarsson, Diljá Baldursdóttir, Guðrún Gígja Aradóttir, Helena Ósk Kristjánsdóttir, Jakob Christensen Lund, Jónas Breki Svavarsson, Karen Birna Aradóttir, María Rós Magnúsdóttir, Matthías Ásgeir Ramos Rocha, Rakel Eva Kristey Guðsteinsdóttir, Sara Margrét Brynjarsdóttir, Sigurður Örn Alfonsson, Sunna Ríkey Ríkharðsdóttir og Walter Brynjar Ketel.



*Ferming 15. apríl 2012 e.h.: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Lena Rós Matthíasdóttir ásamt fermingarbörnum.*
Arney Helga Arnfreysdóttir, Ágúst Bernharð Geirsson, Guðfinna Birta Steinarsdóttir, Guðrún Björg Gunnarsdóttir,Hilmar Páll Stefánsson, Hlynur Óli Haraldsson, Katrín Hrund Pétursdóttir, Kristófer Atli Brynjarsson, Mikael Heiðar Hilmarsson, Oddný Lind Sigurgeirsdóttir, Þorbergur Steinn Þorvaldsson, Þórður Ágústsson og Örvar Óli Björgvinsson.



*Ferming 22. apríl 2012 f.h.: Prestar: séra Vigfús Þór Árnason sóknarprestur og séra Sigurður Grétar Helgason ásamt fermingarbörnum.*
Andri Snær Sigurvinsson, Aron Hrafnsson, Árni Þór Þorvaldsson, Ásdís Sigurðardóttir, Birta Eiríksdóttir, Bjarki Snær Þorsteinsson, Björn Davíðsson, Elizabeth Tinna Arnardóttir, Eva Dögg Sæmundsdóttir, Fjölnir Skaptason, María Björg Ásgeirsdóttir, Oddur Þórðarson, Rakel Marín Jónsdóttir, Stefán Friðrik Aðalsteinsson, Vala Kristín Theódórsdóttir, Victor Birgisson, Viggó Smári Pétursson og Þyrí Ásta Guðbergsdóttir.

# Tómasarguðspjall

## Fræðslu- og leshópur í Grafarvogskirkju

Hópurinn er öllum opinn og ykkur að kostnaðarlausu



Þekkir þú til Tómasarguðspjalls? Langar þig að vita meira um það? Má bjóða þér að vera með í góðum hópi? Við munum ræða spurningar eins og: Hver er boðskapur guðspjallsins? Hvernig varð það til og hvaða máli skipti það? Hvernig opinberast Jesús í Tómasarguðspjallinu? Og margt fleira.

Fræðslu- og leshópurinn kemur saman þriðjudaginn 9. apríl og síðan hvern þriðjudag í fjögur skipti og lýkur 30. apríl. Námskeiðið er haldið á 2. hæð í Grafarvogskirkju við Fjörgyn, 112 Rvík. Leshópurinn er frá 20:00 til 21:30

**Leiðbeinendur eru: Séra Lena Rós Matthíasdóttir og Dan Sommer**

**Tryggðu þér pláss með því að senda póst á:**

srlenaros@grafarvogskirkja.is

**Eða í síma:** 587-9070




***"Hver sá sem finnur útskýringu þessarra orða mun ekki bragða á dauðanum"***
*TGS Logion 1*

***"Sá sem veit allt en þekkir ekki sjálfan sig, skortir allt"***
*TGS Logion 67*




## FRAMTÍÐARREIKNINGUR
GÓÐUR STAÐUR FYRIR FERMINGARPENINGANA

Framtíðarreikningurinn ber alltaf hæstu vexti verðtryggðra sparireikninga og er laus við 18 ára aldur. Hann er skynsamlegur staður fyrir fermingarpeningana, svo þeir nýtist í framtíðinni til að láta draumana rætast. Ef 30.000 kr. eru lagðar inn á Framtíðarreikning bætum við 5.000 kr. við.*

Hægt er að stofna Framtíðarreikning í næsta útibúi Arion banka.

Arion banki

*Eitt mótframlag fyrir hvert fermingarbarn


Máttur hugans
Grafarvogskirkja fim. 21. mars kl. 20:00
Skynjun og túlkun í samskiptum
Guðleg gjörhygli / mindfuless
Anna Margrét Skúladóttir, sálfræðingur og
Lena Rós Matthíasdóttir, prestur
Hvernig nýtum við okkur samskipti
til þroska í stað stöðnunar?
Hvað leggjum við að mörkum sem
einstaklingar og sem par?
Hvernig nýtist jákvæð sálfræði og
gjörhygli í samskiptum og samböndum?


ÓSKUM ÖLLUM
FERMINGARBÖRNUM
TIL HAMINGJU
MEÐ DAGINN
EXPO - www.expo.is
KRÓNAN
Bíldshöfða



Mikil uppbygging á sér stað í Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju undir stjórn Margrétar Pálmadóttur.
Á myndinni má sjá kórinn hlýða á jólasögu sem Guðrún Ásmundsdóttir leikkona flutti á aðventukvöldi í Grafarvogskirkju.





**Framtíðarreikningur Íslandsbanka er góð fermingargjöf**

Með honum geta foreldrar, ömmur, afar, frændur og frænkur tryggt fermingarbarninu veglegan sjóð sem losnar við 18 ára aldur, um það bil þegar næstu stóru áfangar í lífinu blasa við. Framtíðarreikningur ber ávallt hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans og er því framúrskarandi valkostur fyrir langtímasparnað.

**Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.**

**Leggðu fermingarpeningana inn á Framtíðarreikning**

Þeir sem leggja fermingarpeningana sína, 30.000 kr. eða meira, inn á Framtíðarreikning Íslandsbanka geta fengið **5.000 kr. í mótframlag** inn á Framtíðarreikninginn sinn.*

**Eitt framlag fyrir hvert fermingarbarn*

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki




Með því að sameina tryggingar fjölskyldunnar í Stofni hjá Sjóvá færðu persónulega þjónustu, **betri kjör á tryggingum og ýmis fríðindi**. Að auki fá tjónlausir og **skilvísir viðskiptavinir í Stofni hluta iðgjalda sinna endurgreiddan** í byrjun febrúar ár hvert. Sjóvá er eina íslenska tryggingafélagið sem umbunar viðskiptavinum sínum á þennan hátt.

- Afsláttur af tryggingum
- Stofn endurgreiðsla
- Vegaaðstoð án endurgjalds
- Afsláttur af barnabílstólum
- Frí flutningstrygging innanlands
- Enginn iðgjaldsauki ef þú lendir í tjóni
- Nágrannavarsla

... og margt fleira

ÞESS VEGNA ERTU HJÁ SJÓVÁ

SJÓVÁ
STOFN

# Guðsþjónustur á næstunni





**Sunnudagur 17. mars**
Ferming kl. 10:30, Ferming kl. 13:30
Sunnudagaskóli kl. 11:00 í Grafarvogskirkju
Krakkagospelmessa kl. 17:00
í Borgarholtsskóla
Séra Lena Rós Matthíasdóttir
prédikar og þjónar fyrir altari
Stúlknakór Reykjavíkur í
Grafarvogskirkju syngur
Stjórnandi: Margrét Pálmadóttir

**Pálmasunnudagur 24. mars**
Ferming kl. 10:30
Ferming kl. 13:30
Sunnudagaskóli kl. 11:00 í Grafarvogskirkju

**Mánudagur 25. mars kl. 19:30**
Páskaeggjabingó Safnaðarfélagsins

**Skírdagur 28. mars**
Ferming kl. 10:30
Ferming kl. 13:30

**Skírdagskvöld – altarisganga kl. 20:00**
Séra Guðrún Karls Helgudóttir
þjónar fyrir altari
Organisti: Hákon Leifsson

**Föstudagurinn langi 29. mars**
Messa kl. 11:00
Lítanía séra Bjarna Þorsteinssonar flutt
Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson héraðsprestur
prédikar og þjónar fyrir altari
Kór Grafarvogskirkju syngur
Organisti: Hákon Leifsson

**Passíusálmarnir lesnir frá kl. 13:00 – 19:00**
Flytjendur: Eldri borgarar í Grafarvogi
Organisti: Hákon Leifsson

**Páskadagur 31. mars**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 8:00 árdegis**
Séra Lena Rós Matthíasdóttir
prédikar og þjónar fyrir altari ásamt
séra Vigfúsi Þór Árnasyni
Einsöngur: Gissur Páll Gissurarson
Kór Grafarvogskirkju syngur
Organisti: Hákon Leifsson
Heitt súkkulaði að „hætti Ingjaldar“ eftir
guðsþjónustu á vegum Safnaðarfélags og
sóknarnefndar Grafarvogskirkju

**Hátíðarguðsþjónusta á Hjúkrunarheimilinu Eir kl. 10:30**
Séra Vigfús Þór Árnason prédikar og
þjónar fyrir altari
Einsöngur: Gissur Páll Gissurarson
Organisti: Hákon Leifsson

**Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00 í Borgarholtsskóla**
Séra Guðrún Karls Helgudóttir
prédikar og þjónar fyrir altari
Kór: Vox populi syngur
Einsöngur: Margrét Eir
Organisti: Stefán Birkisson

**Annar í páskum 1. apríl**
Ferming kl. 10:30
Ferming kl. 13:30

**Sunnudagur 7. apríl**
Ferming kl. 10:30
Ferming kl. 13:30
Sunnudagaskóli kl. 11:00 í Grafarvogskirkju
Gospelguðsþjónusta kl. 17:00
í Borgarholtsskóla

**Sunnudagur 14. apríl**
Ferming kl. 10:30
Ferming kl. 13:30
Sunnudagaskóli kl. 11:00 í Grafarvogskirkju

**Sunnudagur 21. apríl**
Guðsþjónusta kl. 11:00
Sunnudagaskóli kl. 11:00 í Grafarvogskirkju
Guðsþjónusta kl. 17:00 í Borgarholtsskóla
Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju
syngur

**Sunnudagur 28. apríl**
Guðsþjónusta kl. 11:00
Sunnudagaskóli kl. 11:00 í Grafarvogskirkju

**Laugardagur 4. maí**
**Vortónleikar kl. 17:00**
Kór Grafarvogskirkju, Vox Populi og
Stúlknakór Reykjavíkur í Grafarvogskirkju
flytja „Víst mun vorið koma“
eftir Sigmund Tveit
Stjórnendur: Hákon Leifsson, Hilmar Örn
Agnarsson og Margrét Pálmadóttir

**Sunnudagur 5. maí**
Barnamessuhátíð kl. 11:00
í Grafarvogskirkju
Stúlknakór Reykjavíkur í
Grafarvogskirkju syngur
Útihátíð – Hoppkastali, grill og fl.
Umsjón barnastarfsins í vetur:
Þóra Björg Sigurðardóttir
Undirleikari: Stefán Birkisson

**Mánudagur 6. maí**
Vorferð Safnaðarfélags Grafarvogskirkju
Lagt af stað frá kirkjunni kl. 19:30
Nánar auglýst síðar

**Uppstigningardagur 9. maí**
**Dagur eldri borgara**
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00
Prédikun: séra Bernharður Guðmundsson
fyrrv. rektor Skálholtsskóla
Prestar safnaðarins þjóna fyrir altari
Karlakór Grafarvogs syngur
Stjórnandi: Íris Erlingsdóttir
Organisti: Hákon Leifsson

**Opnuð verður sýning á handavinnu eldri borgara**
Umsjón í vetur: Edda Jónsdóttir, Jónína
Jóhannsdóttir, Linda Jóhannsdóttir,
Óla Kristín Freysteinsdóttir og Stefanía
Baldursdóttir
Kaffi og veitingar í boði Safnaðarfélags
og sóknarnefndar
Karlakór Grafarvogs syngur einnig í
kaffisamsætinu

**Sunnudagur 12. maí**
Guðsþjónusta kl. 11:00

**Aðalsafnaðarfundur eftir guðsþjónustuna**
Léttur hádegisverður

**Hvítasunnudagur 19. maí**
**Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00**
Séra: Guðrún Karls Helgudóttir prédikar
og þjónar fyrir altari
Kór Grafarvogskirkju syngur
Organisti: Hákon Leifsson

**Sunnudagur 26. maí**
Siglufjarðarmessa kl. 14:00
Séra Vigfús Þór Árnason þjónar fyrir altari
Siglfirðingakaffi eftir messu

**Sjómannadagurinn 2. júní**
Bænastund kl. 10:30 við Grafarvog
Sjómannamessa kl. 11:00 með þátttöku
sjómanna
Séra Vigfús Þór Árnason þjónar fyrir altari
Organisti: Hákon Leifsson

**Sunnudagur í júlí**
Útimessa að Nónholti
Sameiginleg með Árbæ og Grafarholti

**Sunnudagar í allt sumar**
Guðsþjónustur kl. 11:00
Eftir guðsþjónusturnar verður heitt kaffi á
könnunni

Dagskrána má finna á
**www.grafarvogskirkja.is**

# Ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga.

# Hvað þýðir það nákvæmlega?

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Í tólfta sinn eru viðskiptavinir TM ánægðustu viðskiptavinir tryggingafélaga samkvæmt íslensku ánægjuvoginni 2012. Ekkert fyrirtæki á Íslandi hefur jafn oft hlotið þennan heiður og því þökkum við góðu og traustu sambandi við viðskiptavini okkar.**

Frá árinu 2005 hafa margir viðskiptavinir TM sem lentu í tjóni, deilt með okkur hvernig þeir upplifðu úrlausn sinna mála. Svörin sýna ekki aðeins að það skiptir miklu máli hvar þú tryggir, heldur líka af hverju.

**Í fyrsta lagi** er ráðgjöfin sem þú færð þegar þú kaupir tryggingar lykilatriði. Með réttri ráðgjöf veistu hvað þú þarft að tryggja og lendir síður í því að verða fyrir tjóni sem tryggingarnar ná ekki yfir.



*Maður veit víst aldrei hvað gerist næst...*

**Í öðru lagi** er það allra hagur þegar tjónamál koma upp að úr þeim sé leyst fljótt og vel. Því fyrr sem lífið kemst í samt horf, því betra fyrir alla og góð viðbrögð skipta öllu máli.

Á **afhverju.tm.is** getur þú séð fjölda umsagna viðskiptavina sem lent hafa í tjóni og notið þjónustu TM.

**Í þriðja lagi** getur skipt miklu hvernig brugðist er við tjóninu sjálfu. Ef fyrirtæki lendir til dæmis í bruna er mikilvægt að komast hjá því að reksturinn stöðvist. Þá skiptir afgreiðsla og aðkoma tryggingafélagsins miklu máli.




***Á síðustu 14 árum hefur TM 12 sinnum verið með ánægðustu viðskiptavini tryggingafélaga.***

Það er stefna TM að byggja langtímasamband við okkar viðskiptavini með traustu og öflugu samstarfi.

***Ef eitthvað kemur fyrir, þá viltu vera hjá TM.***

**Tryggingamiðstöðin** Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is **afhverju.tm.is**